

Fimmtudaginn 15. september 1994.

Nr. 340/1994.

**Íslandsbanki hf.**

(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

gegn

**Mörtu Bjarnadóttur**

(sjálf)

Kærumál. Nauðungarsala. Útivist í héraði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttar-dómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. júlí 1994, sem barst Hæstarétti 4. ágúst sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Hann krefst þess, að ákvörðun sýslumannsins í Stykkishólmi um niðurfellingu beiðni um nauðungarsölu á bifreiðinni R-24285 verði felld úr gildi og sýslumanni gert að taka málið upp að nýju. Þá krefst sóknaraðili kærumáls-kostnaðar úr hendi varnaraðila, verði tekið til varna af hans hálfu.

Engar kröfur hafa borist frá varnaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

**Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 5. júlí 1994.**

I.

Hinn 15. júní 1994 barst Héraðsdómi Vesturlands beiðni Guðjóns Ármanns Jónssonar hdl. fyrir hönd Íslandsbanka hf., sem dagsett er 10. júní 1994, um, að héraðsdómari felli úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Stykkishólmi um niðurfellingu nauðungarsölubeiðni á bifreiðinni R-24285 og sýslumanni gert að taka málið upp að nýju.

II.

Með beiðni um nauðungarsölu, dagsettri 27. október 1993, óskaði gerðarbeiðandi, Íslandsbanki hf., útibú 516, eftir því, að bifreiðin R-24285 (IE-282) yrði seld nauðungarsölu til lúkningar skuld, að fjárhæð 158.048 kr.

Hinn 8. mars 1994 barst lögmanni gerðarbeiðanda bréf frá sýslumanninum í Stykkishólmi um það, að uppboðið færi fram á Grundargötu 33, Grundarfirði, föstudaginn 25. mars kl. 13.00. Með tilkynningunni fylgdi afrit nauðungarsöluveiðni, áritað um vörslusviptingarheimild vegna bifreiðarinnar, sem gildi frá 11.–25. mars 1994. Í tilkynningunni kom einnig fram, að ekki yrði af uppboði á umræddri bifreið, nema henni yrði komið á uppboðsstað í síðasta lagi kl. 12.00 á uppboðsdag.

Gerðarbeiðandi svipti ekki gerðarþola vörslum bifreiðarinnar.

Með bréfi, dagsettu 12. apríl sl., var fjárnámsendurrit það, sem fylgdi með veiðni um nauðungarsölu, endursent lögmanni gerðarbeiðanda og jafnframt tilkynning um, að málið hefði verið fellt niður.

Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir því við sýslumann, að hann endurupptæki málið, og var fjárnámsendurrit endursent sýslumanni.

Með bréfi, dagsettu 27. maí sl., tilkynnti sýslumaður sóknaraðila, að hafnað væri veiðni um endurupptöku. Sóknaraðili kveður bréf þetta hafa borist sér 1. júní sl.

Hinn 6. júní sl. tilkynnti sóknaraðili sýslumanni með símbréfi, að hann hygðist bera þessa ákvörðun undir héraðsdómara samkvæmt 2. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991.

### III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að þar sem uppboðsandlagið hafi ekki verið fært á uppboðsstað á tilgreindum tíma, þ. e. fyrir kl. 12.00 á hádegi á uppboðsdag, hafi sýslumaður ekki átt að taka veiðni um nauðungarsölu fyrir.

Í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/1991 komi fram, að heimilt sé að fresta sölu á lausafjármunum á uppboði, og verði þá ekki af fyrirtöku nauðungarsöluveiðinnar. Sama gildi, ef munum hafi ekki verið komið á uppboðsstað í tæka tíð. Einu takmarkanirnar, sem nefndar séu í ákvæðinu, á þessum rétti gerðarbeiðanda séu þau tilvik, ef gerðarþoli eða þriðji maður mótmæli frestun eða óski eftir, að lausafé verði selt á almennum markaði.

Sóknaraðili heldur því fram, að sýslumaður hafi ekki átt að taka veiðni um nauðungarsölu fyrir. Gerðarbeiðandi hafi forræði um það, hvort veiðni um nauðungarsölu á lausafé sé tekin fyrir eða ekki, þar sem sú fyrirtaka sé háð því, að uppboðsandlagið hafi verið fært á staðinn. Sýslumaður hafi ekki haft upplýsingar um ástæður þess, að gerðarbeiðandi hafi ekki náð að vörslusvipta mununum. Þessi réttur gerðarbeiðanda til frestunar uppboðs á lausafé gildi aðeins í eitt ár, innan þess tíma verði að selja lausaféð, ella sé veiðnin niður fallin samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 66. gr. laga.

Sóknaraðili heldur því fram, að túlkun sýslumannsins í Stykkishólmi hafi

í för með sér mikinn kostnað fyrir gerðarþola, þar sem þá þyrfti að sækja öll lausafjáruppboð, þó að ætlunin væri ekki að selja munina. Í öðru lagi feli túlkun sýslumanns í sér, að mjög tímafrekt yrði fyrir sýslumann að taka fyrir og bóka fjölda mála, sem ekki væri ætlunin að gera neitt annað við en fresta til næsta uppboðs. Sóknaraðili heldur því og fram, að túlkun sýslumannsins í Stykkishólmi sé ekki í samræmi við túlkun annarra sýslumannsembætta á landinu og andstæð þeim leiðbeiningum, sem sé að finna í handbók með nauðungarsölulögum, út gefinni af dóms- og kirkjumálaráðuneyti 1992. Auk þess verði ekki séð, hvers vegna segi skýrum orðum í tilkynningu frá embættinu, að ekki verði af uppboði, ef lausafé verði ekki komið á staðinn, ef síðan hafi verið ætlunin að taka uppboðsbeiðni fyrir þrátt fyrir það. Hefði borið að tilkynna það gerðarbeiðanda sérstaklega.

Sóknaraðili vísar um lagarök til laga nr. 90/1991, einkum 66. gr. og XIII. kafla þeirra laga.

#### IV.

Varnaraðila var með ábyrgðarbréfi tilkynnt um fyrirtöku í málinu 1. júlí sl., en ekki var það þinghald sótt af hans hálfu.

Í bréfi sýslumannsins í Stykkishólmi, þar sem hafnað var endurupptöku nauðungarsölubeiðni, segir m.a.: „Ekki er hægt að verða við umræddri kröfu. Það er ótvíræð meginregla í réttarfari að málshefjandi (stefnandi, gerðarbeiðandi) verður að mæta og halda fram rétti sínum er mál hans er tekið fyrir. Þessa meginreglu má m. a. lesa út úr 15. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.“

Niðurlagsorð 1. mgr. 66. gr. sömu laga verða með engu móti túlkuð svo, að gerðarbeiðandi fái sjálfkrafa frestun með því einu að láta hjá líða að mæta, er beiðni hans er tekin fyrir, enda vísa téð orð til ómöguleika við vörslusviptingu, og ber þá að láta sýslumann vita í tíma. Orð handbókar með nsl. breyta í engu umræddri meginreglu.“

Lögum nr. 90/1991 er skipað í fimm þætti. Í fyrsta þætti laganna, sem nefnist almennar reglur um nauðungarsölu, er skipað reglum, sem eru sameiginlegar öllum afbrigðum nauðungarsölu. Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 90/1991, sem er í fyrsta þætti frumvarpsins, eru talin upp ýmis atriði, sem valdið geta því, að beiðni um nauðungarsölu teljist fallin niður. Samkvæmt 1. tl. þeirrar mgr. telst beiðni um nauðungarsölu fallin niður, ef ekki er mætt af hálfu gerðarbeiðanda, þegar sýslumaður tekur málefnið fyrir, enda hafi gerðarbeiðandi ekki tilkynnt sýslumanni um lögmat forföll, sem hamli, að mætt sé.

Í 66. gr. laganna koma fram reglur um frestun uppboðs á lausafjármun-

um. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar i. f. skal fresta að selja muni á uppboði, ef ekki reynist unnt að koma mununum á uppboðsstað í tæka tíð.

Ekki liggur fyrir í málinu, að sýslumanni hafi verið tilkynnt um það af sóknaraðila, að hann gæti ekki komið mununum á uppboðsstað í tæka tíð.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til rökstuðnings sýslumanns fyrir höfnun á endurupptöku var sýslumanninum í Stykkishólmi rétt að fella niður nauðungarsölu á bifreiðinni R-24285, er málið var tekið fyrir á áður boðuðum tíma.

Er kröfu sóknaraðila því hafnað.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Íslandsbanka, er hafnað.

---